

Verkmenntaskóli Austurlands

Vorönn 2019

Leiðbeinandi:

Daníel Haraldsson dýralæknir

Leiðarvísir að hundaeign

Sæunn Lilja Aðalsteinsdóttir



Lokaverkefni til stúdentsprófs við Verkmenntaskóla Austurlands

Náttúruvísindabraut

Efnisyfirlit

<i>Það sem þarf að hafa í huga áður en maður fær sér hund.</i>	3
Kyn hundsins.....	4
Aldur hundins.....	4
Stærð hundins.....	5
Hreinræktaðan eða blending.....	5
Feldur	6
Hreyfing	6
Hefur þú tíma fyrir hund?	7
Lög og reglur um hundahald	7
Bannaðar hundategundir	8
<i>Hundategundir</i>	8
Hlýðnustu tegundirnar.	9
Hundartegundir fyrir byrjendur	11
<i>Hvernig og hvenær á að sýna aga og umhyggju</i>	13
Fjórar grundvallar samskiptartegundir.....	14
Umhyggja og uppeldi.....	14
<i>Hvað er mikilvægt að kenna hundinum þínum</i>	15
Innkall	15
Framkalla augnsamband	15
Umhverfisvenja hundinn	16
Að gelta ekki.....	17
Húsvenja hundinn	17
Að kenna hundi að ganga í taumi.....	18
<i>Lokaorð</i>	19
<i>Heimildaskrá</i>	20

Margt þarf að hugsa áður en maður ákveður að fá sér hund. Hverju ertu að leita eftir frá hundinum? Megin ástæðan fyrir því að fá sér hund í dag er félagsskapur en fólk fær sér líka hund fyrir smalamennsku, veiðar, ræktun, hjálparstarf, leitarstarf eða sýningar. Hundar verða oft elskaðir fjölskyldumeðlimir og geta orðið mjög mikilvægur hlutur í lífi manns og sumir geta ekki hugsað sér líf án hunds. (Heiðrún Villa, 2008).

En fólk ætti ekki að fá sér hund óhugsað, í skyndingu eða undir þrýstingi frá öðrum. Hundur er viðbót við fjölskylduna. Hundar eru lifandi verur sem þurfa athygli og umönnun árum saman. Fólk er að fjárfesta í hundi sem þarfnast hreyfingar, fóðrunar, snyrtingar og athygli. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000)

Það sem þarf að hafa í huga áður en maður fær sér hund.

Til þess að finna út hvaða hundur er bestur fyrir þig er gott að spyrja sig: Af hverju viltu fá þér hund? Hvers konar hund vilt þú? Ef fólk hugsar ekkert út í tegundina sem það fær sér, þá lendir það oft í að fá sér hund sem það ræður ekki við, nennir ekki að hreyfa eða tengist ekki hundinum. Þetta leiðir oft þess að fólk gefur hundinn eða lætur svæfa hann. (Heiðrún Villa, 2008) Mikilvægt er að hafa í huga þegar þú ert að velja þér hund er hversu orkumikill er hann. Sagt er að það séu fjögur orkustig. Þau eru: Orkulítill hundur, miðlungs orkumikill, orkumikill hundur og mjög orkumikill. Best er að velja sér hund með svipað eða sama orkustig og maður sjálfur. Stærð hundins þegar kemur að orku skiptir engu máli. Litlir hundar geta verið orkumiklir og þurfa mikla hreyfingu svo þeir fari ekki að gelta. Hundar eins og chihuahua eru mjög orkumiklir og enda oft á því að gelta mikið því þeir fá ekki þá hreyfingu sem þeir þurfa. (Heiðrún Villa, 2008) Einnig er gott að hugsa um grunnhlutverk hundsins því að þau skipta miklu máli. Veiðimenn velja tegund sem hentar þeirri veiði sem þeir stunda. Hundarnir eru ræktaðir fyrir sérstök verkefni og er líkamleg geta þeirra mjög misjöfn eftir því hvað þeir eru ræktaðir til að gera. Labrador er ræktaður með þá hæfni að geta skilað bráðinni heilli og óskaddaðri. Enskur springer spaniel er ræktaður til að finna fugl og koma honum á flug. Greyhound er ræktaður til að elta uppi og drepa smádýr eins og héra. English pointer er ræktaður til að benda veiðimanni á staðsetningu bráðarinnar. Þó að hundur sé ræktaður í eitthvað sérstakt þýðir ekki að það megi aðeins nota hundinn í það. Þeir sem vilja heimilishund hafa margar tegundir til þess að velja úr. Þó er gott að leyfa hundinum að fá reglulega útrás fyrir eðli sitt. Hundar verða mjög ánægðir þegar þeir fá að gera það sem þeir voru ræktaðir til að gera. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Hér eru nokkrir hlutir sem er gott að hafa í huga þegar þú ert að velja þér hund:

Kyn hundsins

Það fer eftir einstaklingnum hvort kyn hundsins skiptir máli. Mörgum finnst enginn munur á milli kynjanna en það eru þó nokkur einkenni sem gerir greinamun á milli þeirra.

Rakkar eiga það til að vera meiri félagsverur og þeir tengjast eigenda sínum auðveldlega. Ef rakkar eru ógeldir geta þeir verið með mikið strokueðli og þeir eiga það til að merkja (pissa lítið í einu) í göngutúrum. Þeir merkja oft inni ef annar ógeldur rakki er í húsinu, þeir gera það til að sýna hver ræður. Þetta er algengara hjá smáhundum. Ógeldir rakkar geta verið leiðinlegir í umgengi við aðra ógelda rakka en hægt er að koma í veg fyrir það vandamál með góðri umhverfisþjálfun. Mikilvægt er ef þú færð þér rakka að láta hann kynnast öðrum hundum strax í upphafi. Það kemur í veg fyrir að þeir verði árásgjarnir eða hræddir við aðra hunda þegar þeir verða eldri. Gæta þarf þess að hundarnir sem þið hittið séu góðir og ljúfir. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Tíkur eiga það til að vilja vera meira heima og þær mynda oft sterka tengingu við eina manneskju. Þær geta tengst öðrum líka, en þær verða alltaf mjög tryggar eigenda sínum. Tíkur fara á lóðarí tvisvar á ári eða með 5-8 mánaða millibili. Tímabilið tekur um 3 vikur og á þessum tíma þarf að passa þær mjög vel og það má ekki sleppa þeim lausum þar sem aðrir hundar gætu verið. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Aldur hundins

Mikill munur er á því að fá sér hvolp eða fullorðinn hund, hvoru tveggja hefur kosti og galla. Að fá sér fullorðinn hund sem fyrsta hund getur verið góð hugmynd. Margir vilja fá sér hvolp því að þeir eru mjög krúttlegir og eigendurnir vilja fá að ala upp hundinn sjálfir. Sumir vilja ekki fá hund sem á fyrrverandi eiganda. Aðrir geta ekki hugsað sér að ala upp hvolp.

Ef þú færð þér hvolp hefur þú mun meiri áhrif á hvernig hundurinn mun verða í framtíðinni, en það kostar líka mikla vinnu. Það er erfiðara að sjá á hvolpi hvernig persónuleika hann mun hafa en um fullorðinn hund er að ræða. Erfðir hunds hafa áhrif en uppeldi og umhverfi hundins skiptir mjög miklu máli. Ef þú færð þér hvolp þarft þú að eyða mun meiri tíma í þjálfun og uppeldi heldur en ef þú færð þér fullorðinn hund. Þú þarft að kenna hvolpinum öll grunnatriðin, þ.e.a.s. að pissa úti, taumgöngu, helstu skipanir og umgengi við fólk og dýr. Hvolpar fara í gegnum mörg tímabil s.s. nagtímabil, þar sem þeir naga allt sem þeir komast í. Þeir geta líka fengið orkutímabil þar sem þeir allt í einu fá mikla

orku sem þeir vita ekki hvað á að gera við. Þegar maður fær sér hvolp er meiri kostnaður sem fer í bólusetningar, ormahreinsun, geldingu/ófrjósemisaðgerð (ef vill), ból, búr, sérstakt hvolpafæði og þjálfunarnámskeið. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Fullorðnir hundar hafa marga kosti, sérstaklega fyrir fólk sem er að fá sér hund í fyrsta skipti. Stærsti kosturinn er að þú veist hvernig persónuleiki hundsins er. Þú veist hversu mikið hann geltir, hvort hann er erfiður í taumgöngu, hvað hann fer mikið úr hárum, hversu stór hann er og þú veist hversu hlýðinn hann er. Það veitir fólki mikið öryggi að vita hvers konar hund það er að fá sér. Þú hefur val um að fá þér rólegan og auðveldan hund eða t.d. æstan hund sem þarfnast þjálfunar. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Ef þú vilt fá þér fullorðinn hund er mjög gott að hjálpa hundum í neyð. Dýrahjálp Íslands auglýsir heimilislaus dýr sem leita að réttu fjölskyldunni. Einnig eru síður á Facebook sem auglýsa hunda sem vantar heimili.

Stærð hundsins

Stærð hunds breytir ekki eins miklu og margir vilja halda. Það fer meira eftir getu eigandans að þjálfva hund. Smáhundur gæti verið ómögulegur við að eiga ef eigandinn kann ekki að þjálfva hann. Stærðin hefur bein áhrif á kostnað. Stórar hundategundir kosta meira að öllu leyti. Þær þurfa stærri bæli, stærri föt, stærri dalla, meiri mat og dýralæknakostnaðurinn er hærri. Litlar hundategundir eru ódýrari í rekstri en þurfa þó jafnmikla þjálfun. Litlir hundar taka líka minna pláss á heimilinu og það fer minna fyrir þeim. Einnig er einfaldara að ráða við þá í taumgöngu því þeir toga ekki eins fast í tauminn.

Einnig er gott að hugsa hversu mikið pláss þú hefur. Hvort þú átt heima í miðbæ Reykjavíkur eða út í sveit. Það getur haft áhrif á ákvörðun þína. Ef þú átt stóran garð skaltu muna að ekki er nóg að fara bara í boltaleik í garðinum. Hundar þurfa alltaf líka að fara í góðan göngutúr til að geta kynnst nýrri lykt. Þú þarft þó ekki stórt húsnaði ef þú vilt stóran hund. Stórir hundar almennt þurfa ekki jafn mikla hreyfingu, því þeir sofa mikið á daginn. Þeir þurfa þó að komast reglulega út. Smáhundar þurfa oft meiri hreyfingu heldur en stórhundar. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Hreinræktaðan hund eða blending

Persónulegt val er hvort fólk vilji hreinræktaðan eða blending. Sumum er alveg sama á meðan aðrir þurfa að vera með hreinræktaðan hund. Kostir og gallar eru við bæði

hreinræktaða hunda og blendinga. Með hreinræktaða þá veistu meira hvað þú ert að fá þér. Þú færð ættbók og þú getur útilokað sjúkdóma eða allavegana vitað af þeim. Þú getur valið þér hund sem er mjög hraustur eða hund sem þú veist er ólíklegur til að þess fá augnsjúkdóma. Þú veist líka nokkurn veginn hvers konar hundur hann mun verða. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Blendingar eru ekkert verri en hreinræktaðir hundar, það er bara meiri rúletta að fá sér þá. Ef hundur er blendingur þá geturðu ekki vitað hvers konar hundur hann verður. Þú getur verið heppinn og fengið frábæran hund en þú getur líka verið óheppinn. Ef blandað er tveim tegundum sem passa illa saman, þá getur hundurinn verið mjög slæmur skapgerðarlega eða heilsulega. Blendingar eiga það til að fá sömu hegðun móðurinnar heldur en föðurins. Það er vegna þess að hvolparnir umgangast móðurinnar meira. Ef þú ert áhyggjufullur um sögu blendinga, þá gætirðu fengið að hitta báða foreldra hundsins og spurt út í heilsufar þeirra. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Feldur

Gott er að hugsa um hversu miklum tíma þú vilt eyða í feldhirðu. Vilt þú eyða tíma á hverjum degi í að bursta og snyrta feldinn hjá hundinum þínum? Eða viltu hund sem er með einfaldari feld sem sér um sig sjálfur? Þeir hundar sem fara lítið sem ekkert úr hárum þurfa reglulega að fara í snyrtingu. Fyrst að hárin fara ekki af sjálf þá halda þau áfram að síkka. Passa þarf að baða og bursta svoleiðis tegundir reglulega. Dæmi um tegund með svona feld eru poodle hundar og yorkshire terrier. Síðan eru hundar sem fara mikið úr hárum, sem aðallega þurfa aðeins reglulega burstun. Sumar tegundir eru með tvöfaldan feld og þær þurfa sérstaklega burstun því að undirfeldurinn á til að festast við húð þeirra og valda þeim óþægindum. Dæmi um tegundir með tvöfaldan feld eru husky og german shepherd. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Hreyfing

Mikilvægt er að vita hversu mikla hreyfingu hundurinn þinn þarf. Gott er að vita hvers konar hreyfing hentar hundinum áður en þú færð þér hann. Ef þú vilt fara út að skokka með hundinn þá er ekki gott að fá sér tegund með brachycephalic syndrome. Það er þegar hundur er með óeðlilega stutt trýni, vélindagallar, þröngt kok og þröngar nasir.

Ef þú vilt fara í fjallgöngur eða mjög langar göngur er gott að forðast tegundir sem eru með sögu um mjaðmalos.

Allir hundar þurfa einhverja hreyfingu. Spurningin er hvað þú ert tilbúin til að gera. Viltu hund sem þú ferð með í rólegan göngutúr í bænum eða viltu hund sem þarf reglulega að komast út? Eða kannski viltu bara eitthvað þarna á milli. En mikilvægt er að muna að hundar eru ekki innidýr og þeir þurfa líkamlega og andlega örvun til að líða vel. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Hefur þú tíma fyrir hund?

Ef þú ætlar að fá þér hvolp þá þarftu að hafa mjög mikinn tíma til að hugsa um hann. Það tekur tíma að húsvenja hann og það þarf að fara út á a.m.k. tveggja tíma fresti. Ef þú ert í fullri vinnu eða skóla þarftu að passa að einhver sé að hugsa um hann. Gott er ef þú kemst heim í hádeginu eða getur fengið frí fyrstu dagana á meðan hundurinn er að venjast húsinu. Svo geturðu einnig fengið vin eða einhvern úr fjölskyldunni til að hleypa honum út að pissa. (Hvernig hundur hentar þér?, e.d.)

Ef þú ert í vinnu sem krefst þess að þú ferðist mikið eða þú ert bara oft í ferðalögum, þá þarftu að geta haft góða og örugga pössun fyrir hundinn. (Hverju þarf að huga að áður en hundi er bætt við fjölskylduna?, e.d.)

Lög og reglur um hundahald

Það eru mismunandi reglur um gæludýrahald allt í kringum landið. Reglur um hundahald í Fjarðabyggð eru:

Þegar eintaklingur fær sér hund þarf hann að skrá hundinn á nafn og lögheimili. Hundurinn þarf að vera á sama heimili og eigandinn. Ekki er leyfilegt að skrá fleiri en tvo hunda á sama heimilið. Það þarf að skrá hundinn innan tveggja vikna frá því að þú færð hundinn. Hundar þurfa að vera örmerktir áður en þeir eru skráðir á heimili. Þegar hundur er skráður þá þarf að veita eftirfarandi upplýsingar:

- Fæðingardag, heiti, kyn, tegund og mynd af hundinum.
- Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu og ormahreinsun.
- Staðfestingu frá tryggingarfyrirtæki um að eigandinn sé með tryggingu fyrir öllu því tjóni sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri eða eignum.

Ef þú býrð í fjöleignarhúsi þarftu að fá samþykki frá öllum íbúareigendum í því fjöleignarhúsi. Einnig þarftu að tilkynna sveitarfélaginu skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða hunds. (Samþykkt: Um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð, 2019)

Skyldur eigenda

Eigendur þurfa árlega að fara með hundana sína í ormahreinsun hjá dýralækni og veita sveitarfélaginu staðfestingu á ormahreinsuninni. Það þarf að ábyrgðartryggja hundinn sinn gegn tjóni sem þeir geta valdið öðru fólki, dýrum, gróðri og eignum. Einnig þarf að greiða árlegt skráningargjald fyrir hundinn samkvæmt gjaldskrá.

Ekki má skilja hund eftir einan í meira en 8 klst. nema í undartekningartilvikum. Hundur þarf að vera með ól með skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda. Hundur má ekki ganga laus nema á svæðum þar sem það er leyft. Hundar mega vera lausir á landareign eigenda sinna en aðeins ef eigandinn er til staðar. Eigandi þarf alltaf að fjarlægja saur eftir hundinn á almannafæri. Skylda eigandans er að sjá til þess að hundurinn þeirra valdi ekki hættu, óþrifnaði, óöryggi eða skapi öðrum óþægindi á einhvern hátt t.d. með miklu gelti eða ýlfri. Ef hundur veldur óþægindum eða pirringi hjá nágrönnum þá þarf eigandi að finna leið til að koma í veg fyrir það. (Samþykkt: Um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð, 2019)

Það er ekki nauðsynlegt er að tryggja hundinn sinn en það getur verið sniðugt. Flest tryggingafélög veita slysa- og sjúkdómatryggingu fyrir gæludýr ásamt afnotamissistryggingu fyrir hreinræktaða hunda. Þó er hægt að tryggja bæði hreinræktaða og blendinga. (Hverju þarf að huga að áður en hundi er bætt við fjölskylduna?, e.d.)

Bannaðar hundategundir

Það er bannað að koma með eftirfarandi hundategundir og blendinga af þeim til landsins:

- Pitbull terrier/ staffordshire bull terrier
- Toso inu
- Dogo argentino
- Fila brasileiro
- Aðrar hundategundir eða blendinga, samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra í hverju tilfalli, að fenginni rökstuddri umsögn yfirdýralæknis.

Þessar tegundir eru bannaðar vegna þess að þær hafa verið ræktaðir síðustu áratugi sem árása- eða bardagahundar. (Jón Már Halldórsson, 2008) (Guðni Ágústsson, 2008)

Hundategundir

Hlýðnustu tegundirnar.

Gott er að hafa í huga að hundar sem eru mjög hlýðnir þurfa líka mikla örvun. Ef þeir fá ekki nóga örvun geta þeir orðið óstöðugir. Hér eru helstu tegundirnar ef þú ert að leita af hlýðnum hundi sem er auðvelt að þjálf.

Poodle (púðluhundur)

Púðluhundur er taldir vera einn af hlýðnustu og klárustu hundategundunum. Hann er mjög fjörugur, blíður og einfaldur í þjálfun. Til eru þrjár gerðir af púðluhundi, toy, miniature og standard. Toy hundur er ekki eins auðþjálfður eins og hinar tvær en það er ekki mikill munur. Púðluhundur er aðallega heimilishundur nú til dags en áður fyrr var hann notaður sem sækjari (retrievers) í veiðum. Áður fyrr var hann vinsælastur fyrir að vera góður veiðihundur, sérstaklega í vatni. Nú er hann frægastur fyrir feld sinn. Hann er oft notaður á sýningum því hægt er að klippa feldinn á margs konar hátt. Feldurinn er krullaður, þéttur og hundurinn fer ekki út hárum. Litur feldsins getur verið alls konar s.s. brúnn og hvítur. Stærð standard er 38 cm og herra, miniature er 28-38 cm og toy er upp að 28 cm. (Meggitt, Jane, e.d.) (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000)

Smalahundar

Vinsælasti smalahundurinn á Íslandi er border collie eða allavegana blendingur af border collie og íslenskum fjárhundi. Einnig er hann þekktur undir nöfnunum english shepherd og american shepherd. Hann er talinn vera ein klárasta hundategundin. Border collie hundur er einn af hlýðnustu hundategundunum, en hann er mjög orkumikill og þarf mikla örvun. Hann þarf alltaf að hafa eitthvað að gera og er góður gæsluhundur. Hann er mjög fljótur að læra og er þolinmóður. Border collie er til í svörtum, hvítum og ljósbrúnum lit. Einnig er hann oft flekkóttur. Hann er venjulega um 13-22 kíló á þyngd. Hæð hundsins er 45-50 cm og tíkinnar er 40-45 cm. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) Aðrir smalahundar ertu t.d. collie, shetland sheepdog og australian shepherd. (Meggitt, Jane, e.d.)

German shepherd

German shepherd er smalahundur en er sjaldan notaður í það í dag. Þessi tegund er oftast notuð í hernum eða lögreglu. Shepherd er mjög hlýðinn, verjandi og léttur að þjálf. Shepherd hundur er með mörg heilsuvandamál. Ræktendur hafa nánast eyðilagt þessa tegund,

því hann hefur þróað vandamál eins og slæmar mjaðmir og húðvandamál. (Daníel Haraldsson, 2019). Algengt er að þeir þjáist vegna gigtar í mjöðmum. (Meggitt, Jane, e.d.) Mikilvægt er að german sheperd fái snemma góða þjálfun, þá má yfirleitt treysta því að hundurinn sinni tilætluðu hlutverki samviskulega og sé ljúfur fjölskyldumeðlimur. Tegundin þarf þó nóga athygli og mikla hreyfingu og örvun. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000)

Doberman pincher

Hundar af tegundinni eru oft notaðir sem varð-, her- og lögregluhundar. Doberman pincher er mjög þjálfanlegur og hann er tryggur eiganda sínum. Hann er gáfaður, sterkur og grimmur ef á við. Þú þarft að hafa góða stjórn á honum, þess vegna er mikilvægt að þjálfna hann vel. Hann er mjög verndandi gagnvart eiganda sínum sem getur verið gott, en ef hann er illa þjálfður þá getur það orðið hættulegt. Pincher þarf daglega hreyfingu, en hann er auðveldur í umhirðu. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (Meggitt, Jane, e.d.)

Labrador og Golden retriever

Þessar tegundir eru mest valdar fyrir viðkvæma vinnu sem þarfnast miklar hlýðni. Þeir eru þjálfaðir sem hjálparhundar fyrir blinda eða fatlaða. Einnig eru þeir þjálfaðir sem leitar- og björgunarhundar. Báðar tegundir eru tilvaldar sem fjölskylduhundar og eru mjög þolinmóðar með börn. Þeir þola vel bleytu og kulda. Ekki má þó gleyma að veita þeim næga hreyfingu og örvun.

Labrador retriever er góður fjölskylduhundur og veiðihundur á landi og í vatni. Feldur þeirra er auðhirtur, stuttur, þéttur og er vatnsheldur. Litir feldsins eru gulur, svartur og brúnn.

Venjuleg þyngd hjá þeim er 25-32 kíló. Hæð hjá hundum er 56-57 cm og tókurnar eru 54-56 cm. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000)

Golden retriever var ræktaður til villifuglaveiða og þess vegna er hann mjög góður að synda í öllum aðstæðum. Hann er vinsælastur sem heimilishundur en er þó líka frábær veiðihundur.

Hann er með þéttan feld með sléttum eða liðuðum yfirhárum. Hann er ekki með auðhirtan feld eins og labrador. Litur felds hans er gulur eða rjómalitaður. Þyngd hundsins er 29-32 kíló og hæð rakkans eru 56-61 cm, á meðan hæð tókinnar er 51-56 cm.

(Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (Meggitt, Jane, e.d.)

Papillion

Ef þú vilt ekki stóran hund sem er hlýðinn, þá er papillion gott val fyrir þig. Þessi tegund er mjög lítil og hentar ef þú hefur ekki mikið pláss eða vilt bara ekki stóran hund. Papillion er

klár, vinalegur og góður varðhundur. Hann getur verið mjög eigingjarn á sambandið við eigandann og oft ekki alltaf hrifinn af öðrum. Papillion hundur þarf góða hreyfingu, sérstaklega úti og hann þarf mikla feldhirðu.

Papillion er ein af elstu Evrópsku hundategundunum. Nafn hans þýðir fiðrildi vegna þess að eyru hans minna á fiðrildi. Feldur hans er síður og sléttur. Litur feldsins er aðallega hvítur, en flekkir eru í brúnu, svörtu og ljósbrúnum litum. Þyngd hundsins er 2,5-5 kíló og hæðin er 20-28 cm. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (Meggitt, Jane, e.d.)

Hundategundir fyrir byrjendur

Til eru hundruðir hundategunda. Hver einasta tegund er með sína eigin eiginleika, stærð, feldhirðu og orkuþörf. Allir hundar eru misjafnir, en þessar tegundir eru allar með góða eiginleika fyrir byrjenda hundaeigendur.

Boxer

Boxer hundar eru í stærri kantinum og hafa mjög mikla orku. Þeir eru miklir fjölskylduhundar. Þeir þurfa næga hreyfingu og nokkuð góða þjálfun. Þeir eru þó léttir að þjálfu og eru mjög góðir með börn. Eðli þeirra er að vernda og þá sérstaklega fjölskyldu sína. Þeir eru þó með nokkur heilsufarsvandamál vegna ofræktunar. Boxer hundar þjást oftast af brahyciphalic syndrome. Þeir eiga það til að fá sýkingar í húðfellingar, augnsýkingar og eru oft með öndunarvandamál. (Daníel Haraldsson, 2019) Þessi vandamál koma vegna þess að ræktendur vildu að þessi tegund væri með „kramið nef“. (Daníel Haraldsson, 2019) (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (RTV og Stregowski, Jenna, 2019)

Yorkshire terrier

Þessi tegund getur verið frábær byrjendahundur fyrir fólk sem vill lítinn hund. Yorkshire terrier eru mjög auðveldir hundar að eiga, en erfiðasta við þá er feldurinn. Feldur þeirra vex mjög hratt og þarf reglulega að klippa og burstu hann. Yorkie hundar þurfa ekki mikla hreyfingu, þannig ef þú vilt bara fara í stuttar göngur um hverfið þá er hann fullkominn fyrir þig. Ekki má samt gleyma að þjálfu yorkie því annars geta þeir orðið mjög þrjóskir og háværir. Yorkie hundar tengjast eiganda sínum og verða oft mjög ástúðlegir og mögulega verndandi. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (RTV og Stregowski, Jenna, 2019)

Bichon frise

Bichon frise eru glaðlegir hundar. Létt er að þjálfa þá og þeir eru góðir að aðlagast allskonar lífsstílum. Þeir eru frábærir fjölskylduhundar og þurfa aðeins litla en daglega hreyfingu. Eins og með yorkie hunda þá þurfa þeir mikla feldhirðu. Þeir eru með krullaðan feld sem þarf að klippa og bursta reglulega, en ef þú nennir ekki að stússast við það þá geturðu klippt feldinn stuttan. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (RTV og Stregowski, Jenna, 2019)

Pomeranian

Pomeranian hundar voru áður fyrir miklu stærri og einnig góðir vinnuhundar. En nú til dags eru þeir litlir og mest notaðir í sýningar. Þeir eru meðal dýrustu hunda sem þú getur fengið. Feldur þeirra er mikill, sléttur með lyftingu og skottið er kafloðið. Feldinn þarf að bursta reglulega og hann getur komið fram í öllum litum. Pomeranian eru að mestu leikhundar. Þeir geta verið mjög ákveðnir og geta verið ágætir varðhundar. Stærsti gallinn við Pomeranian er að hann geltir mikið en hægt er að venja hann af því. Daglegar göngur eru yfirleitt nóg fyrir Pomeranian hunda. Þessir hundar þurfa auðvitað þjálfun, þannig að þeir verði ekki þrjóskir og erfiðir. Pomeranian hundar eiga það til að tengjast aðeins einum eiganda en þeir geta þó orðið að góðum fjölskylduhundum. Þeir eru samt ekki bestu hundar fyrir lítil börn, en þeir geta aðlagast. Pomeranian rakki er 1,8- 2 kíló í þyngd, á meðan tíkin er 2- 2,5 kíló og um 30 cm í hæð. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (RTV og Stregowski, Jenna, 2019)

Cavalier king charles spaniel

Chavalier eru heimilishundar og eru þeir þekktir fyrir að vera einir af helstu konungshundum Breta. Þessi tegund er með loðinn og mjúkan feld. Þó að feldur þeirra sé langur, þá er feldhirðan mjög lítil og þarf aðeins að bursta þá af og til. Mikilvægt er að fylgjast með eyrum þeirra því þeir eru viðkvæmir fyrir sýkingum. Litir feldins geta verið ljósbrúnn og hvítur, svartur og hvítur, og dökkbrúnn. Chavalier eru með brahycephalic syndrome sem gefur þeim augnsýkingar, sýkingar í húð og öndunarvandamál.

Chavalier eru góðir fjölskylduhundar, rólegir, hljóðlegir, barngóðir og þeir eru auðveldir að þjálfa. Þeim finnst gaman að vera úti og reglulegar gönguferðir eru yfirleitt nóg fyrir þá. Chavalier er 5-8 kíló í þyngd og 26-32 cm í hæð. (Nestor/ Herbert Guðmundsson, 2000) (RTV og Stregowski, Jenna, 2019)

Aðrar góðar byrjendategundir sem hafa nú þegar komið fram: Labrador retriever, golden retriever, púðluhundur, papillion hundur og blendingar.

Hvernig og hvenær á að sýna aga og umhyggju

Mikilvægt er að setja reglur og takmarkanir fyrir hundinn. Agi er nauðsynlegur. Agi er notaður til að leiðrétta hundinn þegar hann sýnir óæskilega hegðun.

Fyrsta reglan þegar aga skal hund er að æsa sig aldrei. Þú mátt aldrei sýna að þú ræður með því að missa stjórn á þér. Frekar að byggja upp traust og virðingu, en ekki æsing og ótta. Hundur horfir á eiganda sinn sem foringja og hann er sá sem á að vera í mestu jafnvægi. Eigandinn verður að vera ákveðinn og hann er sá sem leiðréttir hundinn en hann má aldrei missa stjórn á skapi sínu. Hundar eru einföld dýr, þeir úthugsa ekki rétta hegðun samkvæmt aðstæðum. Þannig að bregðast við með æsingi eða pirringi gegn þeim, mun aðeins láta hegðun þeirra versna. Þú verður að passa þig að láta hundinn aldrei fara í taugarnar á þér. Þú þarft að ákveða eitt orð eða hljóð sem á að leiðrétta hundinn. En passaðu að það orð má aldrei vera nafnið hans, annars mun hann ekki vilja koma þegar þú kallar á hann. Þegar þú kallar nafn hundsins á hann að setja skott sitt milli lappanna, eyrun niður og hlaupa til eigandans. Þá sést að hundurinn veit hver ræður. Margir nota hluti til að leiðrétta vonda hegðun eins og t.d. sprautubrúsa eða dagblöð. En það skilar oftast ekki miklum árangri. Það besta sem hægt er að gera er að senda frá þér góða orku. Ef þú vorkennir hundinum, ert stressaður eða pirraður þá finnur hundurinn það frá þér og tekur þig og þínar leiðbeiningar ekki alvarlega. (Heiðrún Villa, 2008)

Þegar þú ert úti að ganga með hundinn er mjög sniðugt að hafa hundinn alltaf í taumi. Margir glíma við það vandamál að hundurinn hegðar sér illa þegar hann mætir öðrum hundi. Eigandinn verður þá stressaður í hvert sinn hann sér annann hund nálgast og óttast það versta. Hundar skynja þegar eigandi þeirra verður stressaður, þannig að gott er nota svona aðstæður sem tækifæri fyrir æfingu. Ef þú finnur að hundurinn byrjar að spennast upp er gott að hafa hann nálægt þér og kannski bara að snúa honum að þér og láta hann setjast. Sniðugt er að færa athygli hans frá hinum hundinum. Gott er að nota svona aðstæður sem tækifæri til að þjálfa slæma hegðun af hundinum þínum. Ef þú ert jákvæður finnur hundurinn þinn það á þér og hann slakar á. Jákvæða styrkingu er gott að nota þegar verið er að leiðrétta hundinn. Því flestir hundar bregðast ekki vel við jákvæð refsingu t.d. að öskra. Ein vinsæl og góð jákvæð styrking er klikkerþjálfun. (Heiðrún Villa, 2008)

Muna þarf að hrósa hundinum þegar hann sýnir rétta hegðun. Hrós getur verið að gefa honum nammi eða bara klapp á hausinn. Tímasetning skiptir miklu máli þegar kemur að hrósi eða leiðréttingu. Þú mátt ekki skamma hundinn þegar hann pissar inni ef hann gerði það fyrir tveimur tímum. Hundurinn mun ekki skilja af hverju þú ert að skamma hann. Ef hann gerir

eitthvað rangt eða hegðar sér illa þarftu að leiðrétta hegðunina strax þegar hann gerir hana. Sama er með hrós, passaðu þig að klappa honum ekki né vorkenna honum ef hann gerir eitthvað af sér. Mundu að vera þolinmóður því þú getur ekki búist við að hundurinn viti alltaf hvað þú ert að biðja hann um.

Ef þú ert ekki viss um að þú sért að gera rétt varðandi þjálfun hundsins, þá geturðu alltaf leitað aðstoðar hjá fagmanni. (Heiðrún Villa, 2008)

Fjórar grundvallar samskiptartegundir

Jákvæð styrking (positive reinforcement). Þetta er aðferð sem er notuð þegar hegðun kemur fyrir sem við viljum að eigi sér oftast stað í framtíðinni. Hundurinn fær verðlaun fyrir góða hegðun. Hundur eru líklegri til að endurtaka hegðun ef honum er hrósað fyrir hana. Dæmi um það er þegar þú skipar hundinum að setjast og hann sest þá fær hann nammi. (Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir, 2008) (Lomonaco, Casey, 2010)

Neikvæð styrking. Þessi aðferð felst í því að fjarlægja eitthvað slæmt. Verðlaunin fyrir góða hegðun eru að hundurinn fær að losna við eitthvað leiðinlegt eða óþægilegt. Dæmi er að ef hundurinn hleypur í burtu frá eigandanum þá fær hann rafstraum (jákvæð refsing). Þú stoppar rafstrauminn þegar hundurinn kemur aftur sem er neikvæð styrking. Þú gefur einnig hundinum klapp á kollinn. (Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir, 2008) (Lomonaco, Casey, 2010).

Jákvæð refsing. Þetta er refsing fyrir slæma hegðun. Þetta snýst um hvað veitt er í kjölfar hegðunar og að það dragi úr hegðun. Dæmi um jákvæða refsingu er að fá eitthvað í stað fyrir slæma hegðun t.d. öskur, fast tog í tauminn. (Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir, 2008) (Lomonaco, Casey, 2010)

Neikvæð refsing. Hundurinn fær ekki beina refsingu heldur fær hann ekki verðlaunin sem hann átti von á. Með því að taka eitthvað gott vegna slæmrar hegðunar, er líklegra að sú hegðun minnki í framtíðinni. Dæmi um neikvæða refsingu er að fjarlægja eitthvað jákvætt t.d. ef hundur hoppar á manneskju til að heilsa þeim, og sú manneskja labbar í burtu frá hundinum. (Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir, 2008) (Lomonaco, Casey, 2010)

Umhyggja og uppeldi

Umhyggja er meira fyrir okkur heldur en hunda. Fólk elskar að sýna hundum hversu mikið þau elska þá. Hundar sjá umhyggju allt öðruvísi en manneskjur. Að fá mat og skjól og að fá

að fara út með okkur er umhyggja fyrir þeim. Þannig hundar sjá ekki bara knús og klapp sem umhyggju. Þó að umhyggja sé mjög góð þá getur okkar mikla þörf fyrir henni skapað nokkur vandamál í huga hundsins. Auðvitað er ekki slæmt að sýna hundinum sínum ást og umhyggju en það er ekki það nauðsynlegasta sem hundurinn þarf t.d. ef hann er mjög hræddur eða stressaður. Ef hundur er með einhver hegðunvandamál þá lagast þau ekki ef þú gefur honum knús. Hundar þurfa foringja, einhvern til að fylgja, sem sýnir honum hvað á að gera og leiðréttir hann þegar hann gerir eitthvað óæskilegt. (Heiðrún Villa, 2008)

Dæmi um aðstæður þar sem er gott og slæmt að sýna umhyggju: Ef hundurinn sest þegar þú biður hann um það er mjög gott að hrósa honum og gefa honum klapp. Ef hann sýnir hegðun t.d. hræðslu er ekki gott að tala fallega til hans eða gefa honum knús því þá er hann líklegri til þess að endurtaka þá hegðun. (Heiðrún Villa, 2008)

Þegar þú ert með hvolp þá þarftu að passa þig að vorkenna hundinum ekki of mikið ef hann byrjar að væla. Ef þú ert að reyna að kenna honum að vera í búrinu sínu og hann byrjar að væla þá skaltu ekki opna fyrir honum og byrja knúsa eða klappa honum. Sé það gert heldur hann að þessi hegðun sé leiðin úr búrinu og mun halda henni áfram.

Smáhundar eiga frekar til að komast upp með slæma hegðun. Maður tekur varla eftir því ef smáhundur hoppar á fótunum þínum til að vera tekinn upp í fangið en þegar stórir hundar gera það geta þeir valdið skaða eða verið óviðeigandi t.d. við ókunnuga. Ef þú færð þér lítinn hund þá á alltaf að leiðrétta slæma hegðun, eins og gert er með stóran hund og sýna ekki ást og umhyggju þegar hann gerir eitthvað rangt. Ekki er þó slæmt að halda á hundinum sínum eða hafa hann í fanginu, svo lengi sem hann vann fyrir því. (Heiðrún Villa, 2008)

Hvað er mikilvægt að kenna hundinum þínum

Innkall

Gott er að kenna hundinum þínum að koma þegar þú kallar á hann. Þegar þú ert að kenna hundi innkall er best að vera með nammi til að laða hann til þín. Gefðu honum nammi í hvert sinn hann gerir það þó það taki hann langan tíma að ná því. Þú byrjar að gefa honum nammi í hvert sinn að kemur til þín. Síðan smám saman máttu byrja að fækka namminu þegar þú sér að hann sé að ná þessu. Mundu að æfa innkall bæði inni og úti. (Heiðrún Villa, 2008)

Framkalla augnsamband

Það er mikilvægt að kenna hundinum þínum að horfa í augu þín áður en hann t.d. fær að borða eða fær að fara út. Að ná augnsambandi milli hunds og eiganda sýnir hver ræður og skapar samkiptagrundvöll.

Það tekur smá þolinmæði að æfa augnsamband með hundinum sínum. Gott er að byrja með nóg af nammi og að krjúpa fyrir framan hundinn, þá er auðveldara að ná augnsambandi. Þú þarft að gefa hundinum nammi strax þegar hann horfir í augu þín því ef þú gefur honum á röngum tíma, þá mun hann ekki skilja hvaða hegðun þú ert að verðlauna hann fyrir. Þegar hann er búin að læra þetta, þá er gott að byrja að gera æfinguna aðeins erfiðari t.d. með því að standa upp. (Heiðrún Villa, 2008).

Umhverfisvenja hundinn

Mjög sniðugt er að umhverfisvenja hundinn sinn. Það er gert til þess að þegar hundur er í nýjum aðstæðum, þá verður hann ekki hræddur eða órólegur. Best er að æfa þetta eins snemma og hægt er þegar hundurinn er ungur. Farðu með hundinn á nýja og ólíka staði til að æfa þetta. Gott er að fara þar sem margt fólk er svo hann geti kynnst nýjum aðstæðum. Þú verður þó að muna að halda ró þinni því að ef þú ert stressaður þá mun hundurinn verða það líka. Ef þú finnur hundinn verða stressaðan eða hræddan, reyndu að gera lítið mál út úr því. Ef þú ert rólegur þá mun hundinum líða betur. Þú verður að passa að leyfa ekki hundinum að vaða ofan í ókunnugt fólk eða hunda, hann verður að læra að vera rólegur í svona aðstæðum. (Heiðrún Villa, 2008). Þessi æfing virkar líka vel ef þú vilt kenna hundinum þínum að mæta öðrum hundum, hvort sem er hundur vina þinna eða hundur sem þú mætir í göngu. Mörgum finnst mjög leiðinlegt þegar hundur þeirra verður æstur þegar hann sér aðra hunda og þá forðast eigendur að mæta öðrum hundum. Það leiðir aðeins af sér fleiri vandamálum. Alltaf á að reyna að æfa og leiðrétta svoleiðis hegðun. Í byrjun er mjög gott að fá vin eða vinkonu sem á hund til að æfa þetta með þér. Þið látið hundana ykkar mætast nokkru sinnum og reynið að láta þá vera rólega og æsa sig ekki. Þú verður að sýna hundinum að þú ræður. Fyrstu skiptin skuluð þið ekki leyfa hundunum að þefa af hvor öðrum en þegar þeir eru orðnir rólegir getið þið sleppt þeim lausum og þá geta þeir þefað af hvor öðrum. Ef þér finnst þetta ekki virka og hundurinn lærir þetta ekki, þá geturðu leitað til fagmans eftir hjálp. (Heiðrún Villa, 2008).

Að gelta ekki

Hundur sem geltir stanslaust er erfitt að eiga. Nokkrar ástæður eru fyrir galti hunda. Ef hundur geltir þegar hann er einn út í garði, þá er líklegast að honum leiðist. Að hleypha hundinum út í garð í stað fyrir að fara út að labba er ekki nóg. Það er ekki nógu mikil örvun fyrir hann að fara aðeins út í garð. Ef hundur geltir þegar er bankað eða dinglað þá er hann oft óöruggur eða er að reyna að verja húsið. Kenna þarf hundinum að slaka á í þessum aðstæðum. Fyrst er gott að þú bankir sjálfur til að sjá hvernig hann bregst við. Ef hann byrjar að gelta og hlaupa að hurðinni skaltu stoppa hann og senda hann úr forstofunni. Æfðu þetta oft og reglulega þangað til að hann er rólegur þegar bankað er hurðinni. Ef hann geltir í göngutúrum þá reynir þú að ná athygli hundsins rétt áður en hann byrjar að gelta. (Heiðrún Villa, 2008).

Húsvenja hundinn

Þegar maður fær sér hvolp er mikilvægt að kenna honum strax hvar hann á að gera þarfir sínar. Hann þarf að fara út þegar hann vaknar, borðar og er búinn að leika sér mikið. Hvolpar eiga það til að pissa meira þegar þeir eru ungir. Ef hvolpurinn gerir þarfir sínar á réttum stað þá gefur þú honum hrós eða verðlaun. En ef hvolpurinn gerir það á röngum stað t.d. inni í húsinu þá þarftu að leiðrétta hann og færa hann á stað sem hann á að gera þarfir sínar á. Mundu að skamma hann ekki ef hann t.d. pissar inni ef það gerðist daginn áður. Hvolpurinn mun ekki skilja af hverju þú ert að skamma hann. (Heiðrún Villa, 2008)

Þú ræður hvort þú vilt hafa hundinn þinn í búri á daginn eða ekki. Hundum líður þó betur í smærri rýmum. Þeir verða óöryggir í stórum rýmum og eiga þá til að væla eða skemma hluti sem þeir finna. Maður ætti samt ekki að skilja hunda lengi eftir í búri, helst aðeins á nóttunni og þegar maður er í vinnu eða skóla. Þegar þú ert að kenna hundinum þínum að vera í búri skaltu fyrst leyfa því að vera opið þannig að hundurinn geti kynnst því í rólegheitum. Þegar þú lokar því fyrst þá skaltu vera heima til að sjá hvernig hann bregst við. Ef hann geltir eða vælir skaltu ekki opna fyrir honum því þá veit hann að það er leiðin til að komast út úr búrinu. Þú mátt hleypha honum úr búrinu þegar hann er rólegur. Sniðugt er að fara með hann í góðan göngutúr þannig að hann verði þreyttur og sofni fljótt í búrinu. Þá lítur hann á búrið sem svefnstað. Til að reyna fá hundinn til að líka betur við búrið sitt er gott að setja smá nammi fyrir hann og leikfang eða eitthvað sem hann getur nagað í. (Heiðrún Villa, 2008)

Að kenna hundi að ganga í taumi

Gott er að kenna hundinum sínum að ganga í taumi. Erfitt getur verið að fara út að ganga með hundinn sinn ef hann hleypur á undan og togar í tauminn. Þess vegna er mikilvægt að kenna honum að ganga við hæl. Þegar þú ert að æfa þetta með hundinum er best að nota orðið „hæll“. Ef hann byrjar að fara framúr þér, þá áttu að leiðrétta hann með því að stoppa og láta hann koma við hlið þér eða kippa aðeins í tauminn. Hundar geta verið orkumiklir í byrjun þannig að best er að leyfa þeim að brenna orkuna og síðan æfa göngu. Ein góð leið til að æfa að ganga í taumi er að láta hann setjast við hliðin á þér og horfa upp til þín. Síðan þegar þú segir hæll þá getið þið lagt af stað. Þá áttu að verðlauna hann í hvert sinn hann lítur upp til þín. Þessi aðferð kennir hundinum að þú ræður göngunni og að hann á að fylgja þér. Mundu líka að verðlauna hundinn þegar hann er að standa sig vel í göngutúrnum. Það getur tekið tíma að kenna bæði hvolpum og fullorðnum hundum þetta, þannig að þolinmæði er mikilvæg. Ef þér finnst þetta ekki ganga vel þá geturðu leitað til fagmans eftir hjálp. (Heiðrún Villa, 2008)

Lokaorð

Þjálfun hunds, almenn umhirða, reglur og skyldur, tegund og skapgerð og notkunarmöguleikar eru allt atriði sem þarf að hafa í huga þegar á að fá sér hund.

Hundaeigendur eru oft í misjafnri stöðu hvað varðar þekkingu, reynslu og aðstöðu til hundahalds. Mikilvægasti eiginleiki sem hundaeigandi þarf að hafa er viljinn til að sinna hundinum sínum af kostgæfni; sýna aga og ástúð, siða og leika við, ala upp og hugsa um hundinn sem fjölskyldumeðlim. Meðlim sem þarf aðeins öðruvísi athygli heldur en manneskjur. Ígrunda skal vel hvað hentar hverjum og einum áður en fenginn er hundur á heimilið. Hundar eru lifandi verur en ekki húsgagn sem maður losar sig við ef það passar ekki við samsetninguna á heimilinu. Hundar eru einstakir félagar og engar verur eru trygglyndari. Áður hver og einn þarf að spyrja sig. Hverju er ég að leita eftir með því að fá mér hund?

Heimildaskrá

Digby, Helen. (2004). *Hundahandbókin*. (Jóhanna G. Harðardóttir og Fríða Björnsdóttir þýddu). Kína: ESE – Útgáfa & fréttabjónusta sf.

Heiðrún Villa. (2008). *Gerðu besta vininn betri*. Kína: Bókaútgáfan Tindur.

Hverju þarf að huga að áður en hundi er bætt við fjölskylduna? (e.d.). Vefsíðan Hundasamfélagið. Sótt af: <https://www.hundasamfelagid.is/post/hverju-%C3%BEarf-a%C3%B0-huga-a%C3%B0-%C3%A1%C3%B0ur-en-hundi-er-b%C3%A6tt-vi%C3%B0-fj%C3%B6lskylduna>

Hvernig hundur hentar þér? (e.d.). Vefsíðan Hundasamfélagið. Sótt af: <https://www.hundasamfelagid.is/hvada-tegund-hentar-ther/>.

Jón Már Halldórsson. (2008, 29. apríl). Hvaða hundar eða hundakyn eru bönnuð á Íslandi? Sótt af: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=30650>.

Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir. (2008). *Inngangur að sálfræði*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Lomonaco, Casey. (2010, 14. júní.). Understanding the Four Quadrants of Operant Conditioning. Sótt af: <https://www.dogster.com/lifestyle/understanding-the-four-quadrants-of-operant-conditioning>.

Meggitt, Jane. (e.d.). What are the most obedient dog breeds? Sótt af: https://www.cuteness.com/article/top-obedient-dog-breeds?utm_source=zergnet.com&utm_medium=referral&utm_campaign=zergnet_2320523.

Nestor/ Herbert Guðmundsson. (2000). *Hundabókin okkar*. Reykjavík: Muninn bókaútgáfa.

Guðni Ágústsson. (2004, 18. nóvember). Reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis. Sótt af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/935-2004>

RTV og Stregowski, Jenna. (2019, 1. nóvember). The Best Dogs for First-Time Owners. Sótt af: <https://www.thesprucepets.com/best-dogs-for-first-time-owners-4153979>.

Samþykkt: Um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð. Nr. 191. (2019, 8. febrúar). Heimasíða Fjarðabyggð. Sótt af: https://www.fjardabyggd.is/Media/Samthykkt_um_hundahald.pdf